

62 ÍSL STAÐREYNDABLAÐ

Ungt starfsfólk og öryggismál - hollráð fyrir verkstjóra

European Agency for Safety and Health at Work

Inngangur

Fram kemur í evrópskum tölfræðilegum upplýsingum að 50% meiri líkur eru á að ungmenni á aldrinum 18 til 24 ára slasist við vinnu sína en nokkur annar aldurshópur vinnandi fólks. Þessa miklu slysatíðni má ekki síst rekja til skorts á fullnægjandi verkstjórn. Ungt starfsfólk er ókunnugt bæði starfinu, vinnuumhverfinu og þeim hættum sem þar kunna að leynast. Reynsluleysið hefur í för með sér að ólíklegt er að það átti sig á hættum eða gefi þeim nægan gaum. Ákveðnar reglur gilda þar að auki um störf ungmenna undir 18 ára aldri, sem takmarka hvaða störf þau mega fást við. Þess vegna þarf að veita ungu fólki meiri og betri verkstjórn en þeim fullorönu, auk þess sem unga fólkið þarf á starfsþjálfun að halda. Þetta á jafnt við um fólk í iðnnámi og í starfsþjálfun sem nýliða.

17 ára gömul stúlka missti framan af fingri eftir aðeins einnar klukkustundar vinnu í sumarleyfisstarfi sínu. Fingur hennar klemmdust illa í vél í bakaríinu þar sem hún vann. Það sem meðal annars reyndist ábótavant varðandi öryggi á vinnustaðnum var að *yfirmaður hennar vissi ekki að hún vann við einmitt þessa vél fyrr en slysið varð.*

23 ára gamall karlmaður fékk víðtæk brunasár af snertingu við eldfimt efni sem notað er til þess að skola málningarsprautur. Fyrirtækið hafði ekki framfylgt ýmsum öryggiskröfum, til dæmis var hættulega skolefnið ómerkt, það var geymt í opnum ílátum og *bæði þjálfun og verkstjórn hafði verið áfátt.*

16 ára piltur fótbrotnaði á báðum fótum tæpum tveimur klukkustundum eftir að hann hóf vinnu á nýjum vinnustað. Hann féll af stigplötu 18 tonna sorphirðubíls og dróst undir hann. Öryggisreglur voru í gildi en eftirlit með því að þeim væri framfylgt var hvergi nærri fullnægjandi. *Stærsta vandamálið var að þar skorti bæði verkstjórn og þjálfun.*

Verkstjórnarskipulag atvinnurekandans ⁽¹⁾

Atvinnurekanda þínum ber að standa á fullnægjandi hátt að verkstjórn ungs fólks. Honum ber að framkvæma áhættumat þar sem bent er á þá hættu sem ungir starfsmenn gætu einkum verið í og tilgreina hvaða forvarnaraðgerða sé þörf, þar með talin þörfin fyrir verkstjórn.

Atvinnurekanda þínum ber að tryggja að þú sem verkstjóri:

- fáir fullnægjandi fræðslu um hættur og þjálfun í eftirlitsaðgerðum vegna starfa ungmenna og upplýsingar um allar takmarkanir á því sem ungt fólk má vinna við og hvers kyns verkstjórnar er þörf, þar með talið hvaða störf krefjast samfellds eftirlits,
- fáir fræðslu um áhættuþætti varðandi öryggi og heilbrigði ungmenna í starfi og um hlutverk þitt sem verkstjóri
- gerir þér grein fyrir hlutverki þínu, hvers er krafist af þér og hvernig þú ættir að sinna verkstjórnar- og eftirlitshlutverki þínu,
- hafir fullnægjandi tíma og umboð til þess að sinna verkstjórnarhlutverki þínu,
- búir yfir nægri þekkingu á sviði vinnuverndarmála vegna þeirrar starfsemi sem þú verkstýrir,
- hafi leiðir til þess að tilkynna um öll vandamál, sem varða öryggi ungs starfsfólks, og gera tillögur um úrbætur, þar með talið á skipulagi verkstjórnarinnar.

(1) Nánari upplýsingar má finna á staðreyndablaðinu **Ungt starfsfólk og öryggismál - hollráð fyrir atvinnuveitendur.** (<http://osha.eu.int>)

Mikilvæg verkefni verkstjórans

Sem verkstjóri berðu þá mikilvægu ábyrgð að tryggja heilbrigði og öryggi ungmenna á ýmsa vegu:

- > að tryggja að öruggir starfshættir séu viðhafðir,
- > að útskýra mikilvægi þeirra,
- > að ganga á undan með góðu fordæmi,
- > að framfylgja öryggissjónarmiðum innan fyrirtækisins og
- > að verðlauna örugga hegðun í starfi.

Unga fólkíð gæti skort reynslu en það er engu að síður mikilvægt að leita álits þess og hvetja það til samstarfs um öryggismál. Fyrirtæki eiga að gera áhættumat og áætlun um forvarnir áður en ungmenni hefja störf. Áætlunin á að fela í sér að nauðsynlegar úrbætur séu gerðar til að tryggja öryggi og heilbrigði þeirra. Hafa þarf eftirlit með aðgerðunum til þess að meta hvort þær virki eins og til er ætlast, auk þess sem endurskoðunar gæti orðið þörf ef breytingar verða. Þú skalt tilkynna öll vandamál og allar breytingar og hvetja unga fólkíð til þess að gera það líka þegar ástæða er til.

Hvað felst í verkstjórn ungs fólks ⁽²⁾:

að meta getu/færni byrjandans til að vinna verk,

að skilgreina það sem reynst gæti ungu fólkí hættulegt. Ungmenni eru í meiri hættu og þarfnast meiri verkstjórnar en annað starfsfólk,

að koma á skilvirku eftirliti og/eða varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir slys. Sem dæmi má nefna öryggishlífar, fallvarnir, bönn, eftirlitsaðgerðir, skyndieftirlit, upplýsingagjöf, þjálfun, starfsreglur og verkstjórn,

að bæta og einfalda stöðugt örugga starfshætti,

að upplýsa og fræða um góða starfshætti,

að sýna réttar vinnuaðferðir, á hægum hraða ef með þarf,

að úthluta verkefnum í samræmi við getu hvers og eins og að verkstýra viðkomandi starfsmanni beint þar til hann hefur öðlast nægjanlega færni,

að athuga hvort viðkomandi hefur fullnægjandi skilning á réttum starfsaðferðum og þeim varúðarráðstöfunum sem nauðsynlegar eru,

að fylgjast með frammistöðu starfsmannsins og endurtaka sýnikennsluna til að auka skilning á verkinu ef með þarf,

að hlusta á unga fólkíð, ráðgast við það og deila með því upplýsingum, t.d. með því að láta það aðstoða við áhættumat,

að fræða ungt fólk um hvar það getur leitað sér hjálpar/ráða í fjarveru þinni og hvernig því beri að bregðast við ef það er í vafa,

að tryggja að það geri sér grein fyrir því hvernig bregðast skuli við neyðartilvikum,

að leggja fram allar skriflegar starfslýsingar og upplýsingar um þann hlífðarbúnað og –fatnað, t.d. persónuhlífar, sem krafist er við verkið,

að innræta gildi, að útskýra mikilvægi heilbrigðis- og öryggisráðstafana, hvetja til réttra viðhorfa, auka skilning og gefa gott fordæmi,

að hvetja, að vingast við, auðvelda fólkí störfina og leiðbeina því,

að hafa eftirlit með, skipuleggja og grípa til refsinga ef með þarf.

(2) Unnið upp úr ráðleggingum frá Learning Skills Council (Iðnfræðsluráði Bretlands) og Royal Society for Prevention of Accidents (Bresku slysavarnastofnuninni - ROSPA).

Sérþarfir unglunga undir 18 ára aldri

Verkstjórar þurfa að gera sér grein fyrir því að unglingar undir þeirra stjórn mega ekki vinna ákveðin verk.

Almennt er miðað við að ungmenni undir 18 ára aldri megi EKKI vinna störf sem:

- gera að verkum að þau komast í snertingu við eitrefni eða krabbameinsvalda,
- gera að verkum að þau geta orðið fyrir geislun,
- fela í sér mikinn hita, hávaða eða titring,
- fela í sér áhættu sem ólíklegt er að þau átti sig á eða forðist vegna reynslu- eða þjálfunarleysis eða vegna þess að þau gæta ekki nægjanlega að öryggi sínu.

Nánari upplýsingar um takmarkanir á verkefnum og vinnutíma vegna aldurs, auk sérstakra undanþága vegna iðnmenntunar, er að finna á staðreyndablaðinu «Öryggi ungs starfsfólks á vinnustað». Ef þú ert í vafa um hvaða verk megi fela ungu fólki skaltu ræða það við vinnuveitanda þinn. Kynntu þér þær lögbundnu kröfur sem gerðar eru, sjá reglugerð um vinnu barna og unglunga á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is.

Persónulegir leiðbeinendur („fóstrar“)

Sumir atvinnurekendur úthluta ungu starfsfólki persónulegum leiðbeinendum, svokölluðum fóstrum. Hlutverk þeirra er að fylgjast sérstaklega með tilteknum ungmendum og veita þeim handleiðslu í starfi. Í því felst meðal annars ^(a):

- að kenna ungmendum réttar aðferðir sem leggja grunn að störfum þeirra til framtíðar lítið. Reyndur starfsmaður getur oft unnið verk á marga mismundandi vegu og brugðist við óvæntum aðstæðum en sama máli gegnir ekki um ungan starfsmann,
- að kenna þeim að vinna í hópi, að spyrja um hættur og varúðarráðstafanir við störf sín, sem og að ræða og tilkynna um allar hættur sem fólk kemur auga á. Nýttu þér löngun þeirra til að þóknast öðrum,
- að áréttu við þau að í lagi sé að segja NEI ef þau eru ekki viss um hvað þau eigi að gera,
- að áréttu mikilvægi þess að nota nauðsynlegan hlífðarbúnað, t.d. persónuhlífar, og að grípa til viðeigandi varúðarráðstafana.

22 ára gamall starfsmaður á vegum starfsmannaleigu varð undir lest og lést við störf sín við fjölfarna járnbraut. Námsmaðurinn hafði aðeins tekið fáeinar vaktir og fengið yfirborðskennda þjálfun í öryggi og starfi við járnbrautina. Öryggisráðstafanir og verkstjórn voru ófullnægjandi. Starfsmannaleigan stóð fyrir ýmsum umbreytingum í framhaldi af slysinu og kom meðal annars á laggirnar kerfi „fóstra“ til þess að hafa eftirlit með framvindu hjá nýju starfsfólki.

Nánari upplýsingar um ungt starfsfólk er að finna á:

<http://ew2006.osha.eu.int/>

Vinnueftirlitið

Bíldshöfða 16

110 Reykjavík

S: 550-4600

www.vinnueftirlit.is

Umdæmisskrifstofur eru víða um land.

(a) Unnið upp úr ráðleggingum frá Bresku slysavarnastofnuninni (ROSPA).

European Agency for Safety and Health at Work
FACTS 62

TE-74-06-669-EN-C

Evrópska vinnuverndarstofnunin

Gran Vía, 33, E-48009 Bilbao

Sími: (34) 944 79 43 60, bréfsími (34) 944 79 43 83

Netfang: information@osha.eu.int